

S A M Þ Y K K T

91

24. sept.

fyrir

Landþurkunarfélag Safamýrar.

1. gr.

Félagið heitir „Landþurkunarfélag Safamýrar“. Heimili þess og varnarþing er Ásahreppur í Rangárvallasýslu.

2. gr.

Félagssvæðið nær yfir eftirtalдар jarðir í Ásahreppi í Rangárvallasýslu: Unhóll, Tobbukot eystra, Tobbukot vestra, Bali, Gvendarkot, Húnakot, Hraukur, Litla Rimakot, Suður-Nýibær, Vatnskot austurbær, Vatnskot vesturbær, Háir-Rimi, Snotra, Stóra-Rimakot, Norður-Nýibær með Stekkjarkoti, Melur, Jaðar, Hábær, Miðkot, Skinnar, Brekka, Búð austurbær með Toll, Búð vesturbær með Margrétarhundraði, Hávarðarkot, Hákot, Dísukot með Bakka, Vesturholt með Stöðlakoti, Odds-Partur, Önnu-Partur, Skarð, Borgartún, Hellir, Lindarbær, Vtleifsholt vesturbær, Vtleifsholt austurbær, Ráðagerði, Gíslakot, Gata, Rifshalakot, Partur, Hrótur, Bjóluhjáleiga, Bjóla vesturbær, Bjóla austurbær, Hrafnót, Steinstótt, Háfur, Háfshjáleiga, Háfshóll, Hali með Horni.

3. gr.

Tilgangur félagsins er að bæta engjalönd þeirra jarða, sem taldar eru í annari grein, með framræslu eða á annan hátt sem nauðsyn krefur. Við framkvæmdir á mannvirkjum félagsins skulu lagðar til grundvallar áætlanir, sem Búnaðarfélag Íslands hefir látið gera og dagsettar eru 2. desember 1929, undirritaðar af Ásgeiri Jónssyni, og þeim viðauka eða breytingum, er síðar verða taldar nauðsynlegar að komi til, og Búnaðarfélag Íslands samþykkir. Kostnaður við þessi mannvirki teljist til stofnkostnaðar.

4. gr.

Félaginu stjórnar 5 manna nefnd, kosin af aðalfundi þess til 3ja ára. Ganga 2 menn úr stjórn félagsins á ári fyrstu 2 árin eftir hlutkesti, þriðja árið gengur 1 maður úr stjórn, og síðan ganga menn úr stjórn í röð eftir starfsaldri ár hvert.

Stjórnarnefndarmenn má endurkjósa, en enginn er skyldur að taka við endurkosningu fyrr en eftir jafnlangan tíma og hann hefir áður starfað í stjórninni.

Stjórnin kýs sér formann og gjaldkera, og sami maður má eigi gegna þeim störfum báðum.

91 Formaður boðar til allra funda og stýrir þeim, hann sér einnig um bók-
24. sept. un allra fundargerða.

Gjaldkeri færir alla reikninga félagsins, sjóðbók, höfuðbók og viðskipta-
bók. Hann annast allar innheimtur þess og greiðslur eftir ávísun formanns.

Stjórnarnefndin annast um allar framkvæmdir félagsins og störf þess á
milli aðalfunda, samkvæmt ákvörðun aðalfunda.

Stjórnarnefndinni er heimilt að ráða árlega einn mann sér til aðstoðar,
til þess að hafa verkstjórn á framkvæmdum og umsjón með öllum framkvæmd-
um félagsins, og skal hann í starfi sínu hlíta ráðstöfunum stjórnarnefndar
samkvæmt erindisbréfi sem hún gefur honum, er felur í sér reglur um gerð
mannvirkjanna og alla tilhögun.

Í nóvembermánuði ár hvert jafnar stjórnarnefnd niður öllum kostnaði
samkvæmt 6. gr.

Greiðslu fyrir starf sitt fær stjórnarnefnd samkvæmt reikningi, sem
samþykktur skal af aðalfundi.

5. gr.

Til aðalfundar skal boðað með minnst $\frac{1}{2}$ mánaðar fyrirvara, með skrif-
legu fundarboði, sem gangi milli félagsmanna. Aðalfund sinn heldur félagið
fyrir febrúarmánaðarlok ár hvert. Aðalfundur er því aðeins löglegur að $\frac{2}{3}$ fé-
lagsmanna mæti á honum.

Á aðalfundi leggur stjórnin fram endurskoðaða reikninga félagsins. Þar
er kosin stjórn og endurskoðendur, og teknar ákvarðanir um þau mál, er fé-
lagið varða.

Aukafundi má halda þegar félagsstjórnin, eða meir en helmingur félags-
manna, álitur þess þörf.

6. gr.

Öllum árlegum kostnaði við framræsluna, svo og afborgunum og vaxta-
greiðslum af stofnkostnaði, viðhaldskostnaði, kostnaði við eftirlit og stjórn,
skiptir stjórn félagsins í nóvember ár hvert á allar jarðir á svæðinu, eftir flatar-
málsstærð þess lands, sem hags nýtur af fyrirtækinu vegna framræslu.

7. gr.

Stjórninni er heimilt, eftir ákvörðun aðalfundar, að taka stofnkostnaðar-
lán, gegn veði í mannvirkjum félagsins.

Auk þess ábyrgjast félagsmenn skuldbindingar félagsins í hlutfalli við
landstærð sína, er hags nýtur af fyrirtækinu.

8. gr.

Rísi ágreiningur um málefni félagsins milli félaga innbyrðis, eða stjórn-
ar og félagsmanna, skal úr skorið af gerðardómi, er sé skipaður þannig, að
sakaraðilar útnefna sinn manninn hvor og atvinnumálaráðherra oddamann.

9. gr.

91

Með brot á samþykktum þessum skal farið sem almenn lögreglumál, og geta þau varðað sektum frá 50—500 kr. ef eigi liggur þyngri hegning við að lögum. Sektir renna í sjóð félagsins. ^{24. sept.}

10. gr.

Samþykkt þessari má breyta á lögmætum aðalfundi, ef $\frac{2}{3}$ fundarmanna samþykkja breytinguna, og sé í fundarboði skýrt frá að breytingin komi fram á fundinum, enda komi staðfesting stjórnarráðs til.

11. gr.

Félagsskap þessum má því aðeins slíta, að eigi verði hægt að ná takmarki því, er félagið hefir sett sér, eða þeir örðugleikar reynist á, að ókleift eða illkleift þyki að halda félagsskapnum áfram.

12. gr.

Að öðru leyti en því er þessi samþykkt nær til, er félagið háð ákvæðum vatnalaga frá 20. júní 1923.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi 1. október þ. á., og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 24. september 1931.

Ásgeir Ásgeirsson.

Vígfús Einarsson.